

Borgarstjórn
20. nóvember

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um að vinna að því að koma útsvari á fjármagnstekjur og aðstöðugjöld á fyrirtæki

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fara þess á leit við hin sveitarfélögin í landinu að mynda samstöðu til að beita sér fyrir því að aðstöðugjöld verði aftur lögð á fyrirtæki, svo að þau greiði fyrir þá innviði sem rekstur þeirra byggir á. Aðstöðugjöld voru veigamikill hluti af tekjustofni sveitarfélaganna og má líta á sem nokkurs konar útsvar á fyrirtæki og eðlilegt er að þau greiði slíkt í sameiginlegan sjóð okkar borgarbúa. Þá samþykkir borgarstjórn einnig að leita til hinna sveitarfélaganna í landinu til að mynda samstöðu með þeim til að krefjast þess að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur. Á síðustu áratugum hafa miklar breytingar átt sér stað í skattinnheimtu, þar sem skattbyrðin hefur verið færð af hærri tekjuhópum og yfir á lægri tekjuhópa, þá sem geta síst borið þær byrðar. Nauðsynlegt er að fjármagnseigendur greiði skatta í sameiginlegan sjóð okkar allra en þess má geta að fjármagnstekjur bera ekkert útsvar, ólíkt launatekjum. Sveitarfélögin fá því ekki nægileg framlög frá hinum allra auðugustu en þau eru nauðsynleg til þess að sveitarfélögin geti sinnt öllum þeim verkefnum sem þeim ber að sinna og til þess að hægt sé að veita borgarbúum sem besta þjónustu. Þótt Borgarstjórn Reykjavíkur geti ekki lagt á skatta án laga frá Alþingi, þá ber henni að berjast fyrir endurreisn skattkerfsins. Til að styrkja borgina, þarf að styrkja borgarsjóð og slíkt verður ekki gert nema með framlagi fyrirtækjanna og hinna allra auðugustu.